

Umsögn um þingskjal 360-349mál Frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr.16/1998

Dags.
20.11.2023

Sendandi umsagnar
Gunnlogi-félagasamtök

Það góða sem stendur uppúr í þessu frumvarpi er að nú verði skylt að eiga sérútbúinn vopnaskáp við kaup á fyrstu byssu og er það okkar trú að þetta muni draga verulega úr líkum á því að skotvopn komist í rangar hendur, en það er einmitt nefnt í frumvarpinu að vörslu skotvopna hafi verið ábótavant og því fögnum við þessu ákvæði.

Það er aftur á móti mörgu ábótavant og jafnvel vafasamt í þessu frumvarpi og ekki síður þegar skoðað er hvernig staðið var að gerð þess. Það að eingöngu opinberir aðilar, dómsmálaráðuneyti og lögregluembættin í landinu hafi komið að gerð frumvarpsins og hagsmunaaðilar verið með öllu sniðgengnir getur vart talist lýðræðileg né eðlileg stjórnsýsla. Þá getur það vart talist annað en vafasöm stjórnsýsla þegar framkvæmdrvaldinu er nánast falið löggjafarvald með þeim hætti sem hér er gert og ítrekum við gagnrýni okkar á þessi vinnubrögð.

Um 3.gr frumvarps. Hér er lagt til bann við innflutningi og verslun með skotskýlibúnað svo sem vestum og hjálumum.

Hér viljum við að skýrt komi fram að bann þetta taki ekki til gamalla herhjálma sem hafa söfnunargildi, sem og eftirlíkinga þeirra, er hér sem dæmi átt við hjálma frá fyrri og seinni heimsstyrjöld enda slíkir hjálmar ekki markaðsettir sem skotheldir en rétt er að þetta komi skýrt fram svo ekki leiki þarna vafi.

11.gr frumvarps, um 13.gr vopnalaga. Hér er kveðið á um að ekki megi nota safnvopn, það er skjóta úr þeim, nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Það er þó svolítið einkennilegt að þessi regla skuli vera algild og að þeir sem hafa skotvopnaréttindi D ásamt því að hafa safnaraleyfi skuli þurfa sérstakt leyfi til að nota byssur sem skráðar eru á S-leyfi en eru sambærilegar við þær byssur sem viðkomandi einstaklingur á, eða getur átt, á D-leyfi og getur notað hvenær sem er á viðurkenndu skotsvæði og teljum við að þessu mætti breyta, en hér er eingöngu um hálfsjálfvirkar byssur að ræða, og teljum við að hér ætti að vera skýr undanþága fyrir þá sem hafa bæði skotvopnaleyfi D og S.

Þá teljum við annað ótækt en tryggt verði að safnarar geti notað þær byssur sem þeir eiga á safnaraleyfi þó slíkt verði háð einhverjum sanngjörnum takmörkunum og slíkt verði í samráði og sátt við skotfélögin í landinu, þar sem slík notkun færi alltaf fram á þeirra starfssvæðum. Sem dæmi að heimilt væri að nota slíkar byssur á sérstökum mótum eða samkomum á vegum skotfélags eða félags safnara.

20gr frumvarps um 23gr laga. Hér segir "Skotvopn í eigu skotfélaga skulu að auki varðveitt í húsnæði sem búið er þjófavörn og vaktað af viðurkenndu öryggisfyrirtæki. Hið sama á við um safnvopn" Þetta ákvæði ætti ekki að taka til safnvopna í eigu einstaklinga.

Í fyrsta lagi vegna þess að slík þjónusta er ekki í boði nema fyrir hluta landsmanna.

Í öðru lagi, þegar aðvörðun kemur á slík kerfi er það fyrsta verk stjórnstöðvar öryggisfyrirtækis að hringja í viðkomandi þjónustukaupa og athuga stöðuna áður en aðrar ráðstafanir eru gerðar, sem lengir aðgerðartímann.

Í þriðja lagi, öryggiskerfi sem einstaklingar geta keypt og margir safnarar, sem og almenningur, hefur fjárfest í bjóða upp á myndavéla upptöku allan sólahringinn auk þess að senda aðvörun í síma þess eða þeirra sem skráðir eru í kerfið. Það ætti því að vera valkvætt hvorn kostinn menn taka en eðlilegt væri að myndavélaupptaka væri skilyrði kjósi einstaklingar að nota einka öryggiskerfi. Þá er einnig umhugsunarvert að hægt er að eiga ótakmarkaðan fjölda skotvopna, svo lengi sem ekkert þeirra er safnvopn, án þess að krafist sé öryggiskerfis.

Mat á frumvarpi

Það gefur auga leið, öllum er frumvarp þetta lesa að hér er á ferðinni mikil aðför að söfnurum og þeirra áhugamáli.

Algert innflutningsbann á safnvopn teljum við mjög illa ígrundað og engum tilgangi þjóna nema þeim einum að takmarka möguleika safnara til að stunda sitt áhugamál. Í þessu samhengi er vert að árétta þann veruleika að safnvopn hafa ekki verið til vandræða hér á landi og okkur ekki kunnugt um að upp hafi komið hafi nein atvik þar sem safnvopn eigi í hlut sem gerir enn óskiljanlegra, okkur sem höfum söfnun að áhugamáli, hvað veldur því að svo harkalega er gengið fram gagnvart okkur.

Þá er vert að hafa í huga að margar af þeim byssum sem hér á landi er krafist safnaraleyfis fyrir eignarhaldi á er hægt að eiga á hinum norðurlöndunum á leyfi til að eiga íþróttaskotvopn og er um að ræða nokkuð sama leyfir og D leyfi hér á landi. Það er því alveg ljóst að lög hér á landi eru nú þegar mun strangari en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við dags daglega og því er það að bera í bakkafullan lækinn að herða þau enn frekar.

Í gerinargerð umrædds frumvarps er vísað til Norskra laga, sem er þá sennilega eitthvað sem menn vilja bera sig saman við, en í tilvitnun þessari er látið að því liggja að vopnalög í Noregi séu strangari en hér, það sem tæpt er á í þessu sambandi er að hámarksfjöldi skotvopna sem einstaklingur getur átt á safnaraleyfi þar á landi eru 100 byssur og víst er að Norsk lög taka þetta fram. Ef hins vegar Norsk lög eru skoðuð betur, sem mér þykir hafa verið opnað á með þessum orðum, þá er þetta eina atriðið sem er skýrar afmarkað eða strangara í norskum vopnalögum en íslenskum.

Svo við höldum okkur við norsk lög áfram þá er hægt að öðlast réttindi til að eiga skotvopn 18 ára að aldri eða 2 árum fyrr en hér.

Hægt er að eiga hálfsvírfirklar byssur frá seinna stríði á leyfi sem er svipað í sniðum og D leyfi hér á landi, en hér er einungis hægt að eiga slíka gripi á safnaraleyfi svo vart er hér líku saman að jafna og veldur þetta því eflaust að safnaraleyfi hér verða mun algengari en ella.

Þá má nefna að það var margra ára barátta að fá hljóðdempara á riffa leyfða hér á landi og þarf kaupheimild lögreglustjóra fyrir slíkum kaupum og eru hljóðdemparar skráðir í skotvopnaleyfi. Í Noregi eru þeir hins vegar seldir yfir borðið án sérstakrar kaupheimildar.

Byssustingir eru háðir skotvopnaleyfi hér á landi en heimilir til eignar öllum yfir 18 ára aldri í Noregi.

Í greinargerð frumvarpsins er gefið til kynna að ekki skuli lagður steinn í götu íþróttaskotfimi "Hagsmunir veiðimanna verða áfram tryggðir og áfram verður undanþága frá meginreglunni þegar um er að ræða innflutning á vopnum vegna íþróttaskotfimi, hinsvegar er lagt til bann við innflutningi safnvopna"

Það er ekki hægt að líta fram hjá því að skotiþróttafólki hér á landi er sniðinn mun þrengri stakkur en nágörðnum okkar á hinum norðurlöndunum

Ef við tökum Noreg til samanburðar í þessu tilliti þá eru IPSC (International Practical Shooting Confederation) greinar meðal þeirra vinsælustu sem þar eru stundaðar, þá eru þessar greinar einnig stundaðar á hinum norðurlöndunum. Hér á landi hefur PRS (Precision Rifle Shooting) rutt sér mjög til rúms undanfarið og er á leiðinni að verða, ef ekki orðin, mest stundaða riffilskotfimi grein á Íslandi en PRS er grein innan IPSC.

Ein af greinunum innan IPSC er Dynamic Shooting sem í Noregi kallast Dynamisk sportskyting og er trúlega orðin vinsælasta skotíþróttgreinin þar í landi þar sem skammbyssur eru notaðar. Þessa skotfimigrein er vart eða ekki hægt að stunda hér á landi þar sem lármarks hlaupvídd er 9x19mm en slíkar skammbyssur hafa ekki fengist fluttar hingað til lands á undanförunum árum og það fáar eru til að ekki er mögulegt að leggja stund á þessa grein að nokkru marki.

Ef hljóð og mynd eiga að fara saman í þessu frumvarpi þá hlýtur að verða gefið grænt ljós á innflutning á skammbyssum í 9x19mm og stærri hlaupvídum svo skotíþróttafólk hér á landi hafi sömu tækifæri til iðkunar skotíþróttar og nágrannar okkar á hinum norðurlöndunum.

Í inngangi greinargerðarinnar segir “Við vinnslu frumvarpsins hafa sömu forsendur verið hafðar að leiðarljósi og þegar lögin voru sett, þ.e. að vopn séu hættuleg tæki og að almennt beri að stuðla að því að þau séu ekki höfð um hönd nema í undantekningartilfellum.”

Úr þessu má lesa að það hafi ekki orðið nein hugarfarsþróun frá 1998, þegar núverandi lög tóku gildi, þrátt fyrir mikla aukningu í þátttöku í íþróttaskotfimi á þeim aldarfjórðungi sem síðan er liðinn.

Þá verður orðavalið “nema í undantekningartilfellum” að teljast allt of þröng túlkun og mun eðlilegra orðaval væri “séu ekki höfð um hönd að óþörfu/ástæðulausu”

Þá verður einnig að taka til þess að iðkendum skotíþróttar hefur ekki einungis fjölgað mikið heldur er einnig orðið nokkuð um einstaklingar stundi það sem kalla mætti tómstundaskotfimi (recreational shooting) án þess að vera með beinum hætti að stunda íþróttaskotfimi þó þetta leiði hins vegar oft til þess að viðkomandi finni svo ákveðna grein íþróttaskotfimi og fari að leggja stund á hana, svo þetta er svolítil grasrót í geiranum.

Að lokum teljum við í allt of mörgum tilvikum ráðherra gefið reglugerðar vald og teljum við slíkt valda allt of mikilli óvissu fyrir þá sem þurfa að fara að lögum þessum ef sitjandi dómsmálaráðherra hverju sinni getur verið að breyta veigamiklum atriðum eftir geðþótta.

Garðar Tryggvason
Stjórnarformaður

